

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Tilvísun: 2008100055

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um sjöttu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf.

Með heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 15. júní 2009 er tilgreint að skilmálar fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf. skuli liggja fyrir af hálfu aðila eigi síðar en þann 17. júlí 2009.

Í bréfi til Fjármálaeftirlitsins frá skilanefnd Kaupþings banka hf. og fjármálaráðuneytinu, dags. 17. júlí 2009, kemur fram að samkomulag hafi náðst um skilmála uppgjörs vegna ráðstöfunar eigna og skulda á milli Kaupþings banka hf. og Nýja Kaupþings banka hf. og tímaáætlun um fjármögnun Nýja Kaupþings banka hf.

Í ljósi framangreinds ákveður Fjármálaeftirlitið að eftirfarandi málsliður skuli bætast við 12. tl. ákvörðunar eftirlitsins þann 21. október 2008, sbr. ákvörðun þann 15. júní 2009.

ÁKVÖRÐUN:

Fjármálagerning um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf. skal gefa út af hálfu aðila eigi síðar en þann 14. ágúst 2009.


Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

18. júlí 2009.



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Gunnar P. Andersen
Forstjóri